Alþingi

Erindi nr. Þ 121/785

komudagur 20/1 1997

Félag íslenskra heimilislækna
Katrín Fjeldsted, formaður
Hólatorgi 4
101 Reykjavík
sími: 5510824
símbréf: 5514595
netfang: katfjel@ismennt.is

Heilbrigðis- og trygginganefnd

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

16. janúar 1997

Stjórn Félags íslenzkra heimilislækna hefur að beiðni yðar fjallað um frumvarp til laga um sóttvarnalög, 191. mál, heildarlög.

Svo virðist sem tillit hafi verið tekið til þeirra sjónarmiða, sem fram komu í umsögn okkar um fyrri útgáfu frumvarpsins.

Í 4.grein frv. kemur skýrt fram að sóttvarnalæknir skuli hafa samráð við héraðslækna, en að héraðslæknar séu ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði. Í fyrri útgáfu frv. var óljóst að orði kveðið að okkar mati.

Í 6. grein frv. er kveðið á um skipan sóttvarnaráðs. Þar er tryggt að auk ýmissa sérfræðinga sitji heilsugæzlulæknir í ráðinu.

Stjórn Félags íslenzkra heimilislækna gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og vonast til að það verði að lögum.

Virðingarfyllzt,

Katrín Fjeldsted

fyrir hönd stjórnar FÍH
Katrín Fjeldsted, formaður